

Ársreikningur

# Sveitarfélagsins Álftanes

2008



# Efnisyfirlit

|   | <b>Bls.</b> |
|---|-------------|
| Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra..... | 2           |
| Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna.....   | 3           |
| Rekstrarreikningur ársins 2008.....                 | 4           |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2008.....           | 5 - 6       |
| Sjóðstreymi ársins 2008.....                        | 7           |
| Skýringar.....                                      | 8 - 17      |

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2008 námu 1.160 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.395 millj.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A hluta var neikvæð um 832 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 294 millj.kr. halla. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2008 var neikvætt um 126 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Laun og launatengd gjöld A hluta á árinu námu alls 760 millj.kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 158 stöðugildi í árslok. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 24,4 millj.kr. á árinu 2008.

Íbúar sveitarfélagsins 31. desember 2008 voru 2.510 og fjölgaði þeim um 138 frá fyrra ári eða um tæp 6%.

Bæjarstjórn Álftaness og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Álftanesi, 22. maí 2009

Bæjarstjóri:



Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2008 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Álftanesi, 22. maí 2009

Bæjarstjórn:

# Áritun endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta, áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Í samræmi við lög um ársreikninga eru stjórnendur ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 22. maí 2009

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

  
Theodór Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

  
Guðrún Torfhildur Gísladóttir  
löggiltur endurskoðandi

Við undirritaðir skoðunarmenn ársreiknings Sveitarfélagsins Álftaness höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2008 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Álftanesi, 22. maí 2009

  
Ari Sigurðsson

  
Elías Bjarnason

# Rekstrarreikningur ársins 2008

|  |               | Sveitarsjóður<br>A hluti |                    |                    |
|--|---------------|--------------------------|--------------------|--------------------|
|  | Skýr.         | Reikningur<br>2008       | Áætlun<br>2008     | Reikningur<br>2007 |
| <b>Rekstrartekjur</b>                                      |               |                          |                    |                    |
| Skatttekjur.....   | 2             | 890.788                  | 891.880            | 806.302            |
| Framlög Jöfnunarsjóðs.....                                 |               | 172.071                  | 157.900            | 162.945            |
| Aðrar tekjur.....  |               | 97.347                   | 344.892            | 572.749            |
|  | 16            | <u>1.160.207</u>         | <u>1.394.672</u>   | <u>1.541.997</u>   |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                       |               |                          |                    |                    |
| Laun og launatengd gjöld.....                              | 12, 17        | 759.796                  | 773.026            | 657.104            |
| Annar rekstrarkostnaður.....                               | 18            | 484.503                  | 436.045            | 402.546            |
|  |               | <u>1.244.299</u>         | <u>1.209.071</u>   | <u>1.059.650</u>   |
| Afskriftir.....  | 6, 21         | 45.187                   | 44.521             | 43.754             |
|  |               | <u>1.289.487</u>         | <u>1.253.592</u>   | <u>1.103.404</u>   |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld. |               | ( 129.280 )              | 141.080            | 438.593            |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....                    | 19            | ( 703.093 )              | ( 435.085 )        | ( 46.032 )         |
| <b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð).....</b>            | <b>20, 27</b> | <b>( 832.373 )</b>       | <b>( 294.005 )</b> | <b>392.560</b>     |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

|  | Skýr.  | Sveitarsjóður<br>A hluti |                  |                    |
|--|--------|--------------------------|------------------|--------------------|
|  |        | Reikningur<br>2008       | Áætlun<br>2008   | Reikningur<br>2007 |
| <b>Fastafjármunir</b>                        |        |                          |                  |                    |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:                |        |                          |                  |                    |
| Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir.....     |        | 1.598.454                | 1.599.296        | 1.479.976          |
| Íþróttavellir, gatnakerfi og veitukerfi..... |        | 61.292                   | 37.402           | 36.702             |
| Vélar, áhöld og tæki.....                    |        | 51.316                   | 52.432           | 50.273             |
|  | 5,6,21 | <u>1.711.062</u>         | <u>1.689.130</u> | <u>1.566.951</u>   |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur:           |        |                          |                  |                    |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum.....  | 7,24   | 479.637                  | 478.802          | 478.802            |
| Skuldabréf.....                              | 25     | 7.392                    | 6.248            | 13.040             |
|  |        | <u>487.028</u>           | <u>485.050</u>   | <u>491.843</u>     |
| Fastafjármunir                               |        | <u>2.198.090</u>         | <u>2.174.180</u> | <u>2.058.794</u>   |
| <b>Veltufjármunir</b>                        |        |                          |                  |                    |
| Skammtímakröfur:                             |        |                          |                  |                    |
| Óinnheimtar skatttekjur.....                 | 9,26   | 85.177                   | 83.200           | 75.642             |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna.....     | 25     | 6.218                    | 0                | 5.435              |
| Aðrar kröfur.....                            |        | 60.885                   | 177.200          | 47.428             |
| Handbært fé.....                             | 10     | 38.141                   | 81.877           | 139.506            |
| Veltufjármunir                               |        | <u>190.420</u>           | <u>342.277</u>   | <u>268.011</u>     |
| <b>Eignir samtals</b>                        |        | <u>2.388.510</u>         | <u>2.516.457</u> | <u>2.326.805</u>   |
| <b>Eignir utan efnahagsreiknings.....</b>    | 11     |                          |                  |                    |

# 31. desember 2008

## Skuldir og eigið fé

|  | Skýr.  | Sveitarsjóður<br>A hluti |                  |                    |
|--|--------|--------------------------|------------------|--------------------|
|  |        | Reikningur<br>2008       | Áætlun<br>2008   | Reikningur<br>2007 |
| <b>Eigið fé</b>                                      |        |                          |                  |                    |
| Eiginfjárreikningur.....                             | 27     | ( 125.732 )              | 412.637          | 706.641            |
| <b>Skuldbindingar</b>                                |        |                          |                  |                    |
| Lífeyrisskuldbinding.....                            | 12, 28 | 121.528                  | 123.308          | 112.308            |
|  |        | <u>121.528</u>           | <u>123.308</u>   | <u>112.308</u>     |
| <b>Langtímaskuldir</b>                               |        |                          |                  |                    |
| Skuldir við lánastofnanir.....                       | 13, 29 | 1.322.121                | 1.058.097        | 1.183.031          |
|  |        | <u>1.322.121</u>         | <u>1.058.097</u> | <u>1.183.031</u>   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                              |        |                          |                  |                    |
| Skuldir við lánastofnanir.....                       |        | 120.000                  | 120.000          | 0                  |
| Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður.....         |        | 253.231                  | 125.000          | 240.516            |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda.....             | 29     | 697.362                  | 677.415          | 84.308             |
|  |        | <u>1.070.593</u>         | <u>922.415</u>   | <u>324.824</u>     |
| Skuldir samtals                                      |        | <u>2.514.242</u>         | <u>2.103.820</u> | <u>1.620.163</u>   |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>                   |        | <u>2.388.510</u>         | <u>2.516.457</u> | <u>2.326.805</u>   |
| <b>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags.....</b> | 31-32  | <u>2.522.400</u>         |                  | <u>756.100</u>     |

# Sjóðstreymi ársins 2008

|   |       | Sveitarsjóður<br>A hluti |                    |                    |
|---|-------|--------------------------|--------------------|--------------------|
|   | Skýr. | Reikningur<br>2008       | Áætlun<br>2008     | Reikningur<br>2007 |
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                               |       |                          |                    |                    |
| Niðurstaða ársins.....                                  | 20    | ( 832.373 )              | ( 294.005 )        | 392.560            |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:                |       |                          |                    |                    |
| Söluhagnaður eigna.....                                 |       | 0                        |                    | ( 493.769 )        |
| Reiknaðar afskriftir.....                               | 21    | 45.187                   | 44.521             | 43.754             |
| Verðbætur og gengismunur.....                           | 4     | 633.253                  | 355.427            | ( 5.412 )          |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar.....                    | 28    | 10.079                   | 12.000             | 12.320             |
| Veltufé frá (til) rekstrar                              |       | <u>( 143.853 )</u>       | <u>117.943</u>     | <u>( 50.547 )</u>  |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:          |       |                          |                    |                    |
| Óinnheimtar tekjur, (hækkun), lækkun.....               |       | ( 9.535 )                | ( 7.558 )          | ( 6.987 )          |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun .....           |       | ( 13.456 )               | ( 129.772 )        | ( 33.747 )         |
| Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun).....                 |       | 12.715                   | ( 115.516 )        | 49.984             |
| Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum.....        |       | <u>( 10.276 )</u>        | <u>( 252.846 )</u> | <u>9.251</u>       |
| Handbært fé frá (til) rekstrar                          |       | <u>( 154.129 )</u>       | <u>( 134.903 )</u> | <u>( 41.296 )</u>  |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                          |       |                          |                    |                    |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum (nettó)..... | 21    | ( 189.298 )              | ( 166.700 )        | ( 183.420 )        |
| Seldir rekstrarfjármunir.....                           |       | 0                        | 0                  | 785.747            |
| Fjárfest í eignarhlutum.....                            | 24    | ( 834 )                  | 0                  | ( 460.380 )        |
| Skuldabréf, breyting.....                               | 25    | 4.866                    | 0                  | ( 12.368 )         |
| Langtímakröfur eigin fyrirtækja , breyting.....         |       | 0                        | 11.789             | 58.725             |
| Fjárfestingarhreyfingar                                 |       | <u>( 185.267 )</u>       | <u>( 154.911 )</u> | <u>188.305</u>     |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                           |       |                          |                    |                    |
| Tekin ný langtímalán.....                               |       | 215.000                  | 215.000            | 0                  |
| Afborganir langtímalána og uppgr. lána.....             | 29    | ( 96.110 )               | ( 101.815 )        | ( 85.894 )         |
| Viðskiptareikningar eigin fyrirtækja, breyting.....     |       | 0                        | 0                  | 23.864             |
| Skammtímalán, breyting.....                             |       | 120.000                  | 120.000            | ( 26.666 )         |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga.....                   | 28    | ( 859 )                  | ( 1.000 )          | ( 1.007 )          |
| Hlutfé og krafa á Lánasjóð sveitarfélaga.....           |       | 0                        | 0                  | 80.846             |
| Fjármögnunarhreyfingar                                  |       | <u>238.031</u>           | <u>232.185</u>     | <u>( 8.858 )</u>   |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>               |       | ( 101.365 )              | ( 57.629 )         | 138.151            |
| Handbært fé í ársbyrjun.....                            |       | <u>139.506</u>           | <u>139.506</u>     | <u>1.355</u>       |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                       |       | <u>38.141</u>            | <u>81.877</u>      | <u>139.506</u>     |



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftanes fyrir árið 2008 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Engin stofnun fellur undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga bæjarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

### Innlausn tekna

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar mannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur, vegna viðkomandi verkefnis, er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra fastafjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra var stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

## Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

|                                  |            |
|----------------------------------|------------|
| Fasteignir og íþróttavellir..... | 25 - 40 ár |
| Vélar, áhöld og tæki.....        | 6 - 7 ár   |

## Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

7. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði.

## Langtímakröfur

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

## Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

9. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## Handbært fé

10. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## Eignir utan efnahagsreiknings

11. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum, sem áður hefur verið gjaldfærð, er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

## Lífeyrisskuldbinding

12. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2008. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 17.

## Langtímaskuldir

13. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

14. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar bæjarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 31-32.

## Fjárhagsáætlun

15. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2008 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### Rekstrartekjur

16. Rekstrartekjur greinast þannig:

|  | Sveitarsjóður - A hluti |                  |                  |
|--|-------------------------|------------------|------------------|
| Skatttekjur:                               | 2008                    | Áætlun           | 2007             |
| Útsvar.....                                | 810.516                 | 796.008          | 724.755          |
| Fasteignaskattar.....                      | 79.976                  | 95.650           | 81.433           |
| Lóðarleiga.....                            | 296                     | 222              | 114              |
|  | <u>890.788</u>          | <u>891.880</u>   | <u>806.302</u>   |
| Jöfnunarsjóður:                            |                         |                  |                  |
| Útgjaldajöfnunarframlag.....               | 93.885                  | 82.000           | 87.596           |
| Framlag vegna fasteignaskatts.....         | 2.624                   | 2.800            | 2.739            |
| Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....       | 17.100                  | 17.000           | 9.740            |
| Framlag vegna nýbúafræðslu.....            | 1.210                   | 1.100            | 1.100            |
| Framlög vegna grunnskóla.....              | 57.253                  | 55.000           | 61.770           |
|  | <u>172.071</u>          | <u>157.900</u>   | <u>162.945</u>   |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals..... | <u>1.062.860</u>        | <u>1.049.780</u> | <u>969.247</u>   |
| Aðrar tekjur:                              |                         |                  |                  |
| Þjónustutekjur o.fl.....                   | 74.035                  | 88.192           | 61.644           |
| Sorphirðugjald.....                        | 15.937                  | 15.000           | 13.217           |
| Húsaleigubætur.....                        | 4.133                   | 3.800            | 2.855            |
| Leigutekjur.....                           | 1.186                   | 2.900            | 194              |
| Aðrar tekjur.....                          | 2.056                   | 235.000          | 494.840          |
|  | <u>97.347</u>           | <u>344.892</u>   | <u>572.749</u>   |
| Rekstrartekjur samtals.....                | <u>1.160.207</u>        | <u>1.394.672</u> | <u>1.541.997</u> |

### Laun og launatengd gjöld

17. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                       | Sveitarsjóður - A hluti |                |                |
|---------------------------------------|-------------------------|----------------|----------------|
|                                       | 2008                    | Áætlun         | 2007           |
| Laun .....                            | 614.536                 | 633.640        | 533.590        |
| Launatengd gjöld.....                 | 135.182                 | 128.386        | 111.194        |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar.....  | 10.079                  | 11.000         | 12.320         |
| Laun og launatengd gjöld samtals..... | <u>759.796</u>          | <u>773.026</u> | <u>657.104</u> |

Starfsmannaföldi hjá sveitarfélaginu nam 158 stöðugildum í árslok 2008.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 24,4 millj.kr. á árinu 2008.

## Annar rekstrarkostnaður

18. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

|  | Sveitarsjóður - A hluti |                |                |
|--|-------------------------|----------------|----------------|
|  | 2008                    | Áætlun         | 2007           |
| Vöru- og þjónustukaup.....               | 331.134                 | 280.359        | 257.099        |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður..... | 153.369                 | 155.686        | 145.447        |
|  | <u>484.503</u>          | <u>436.045</u> | <u>402.546</u> |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

19. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

|                               | Sveitarsjóður - A hluti |                    |                   |
|-------------------------------|-------------------------|--------------------|-------------------|
|                               | 2008                    | Áætlun             | 2007              |
| Vaxtatekjur og verðbætur..... | 6.399                   | 5.420              | 31.093            |
| Arður af eignarhlutum.....    | 24.478                  | 0                  | 0                 |
| Vaxtagjöld.....               | ( 100.716 )             | ( 94.520 )         | ( 82.537 )        |
| Verðbætur.....                | ( 119.960 )             | ( 113.648 )        | ( 40.629 )        |
| Gengishagnaður / (tap).....   | ( 513.294 )             | ( 232.337 )        | 46.041            |
|                               | <u>( 703.093 )</u>      | <u>( 435.085 )</u> | <u>( 46.032 )</u> |

## Heildaryfirlit um rekstur

20. Rekstur málaflokka aðalsjóðs greinist þannig:

|   | Gjöld            | Tekjur                | Mismunur           | Áætlun             |
|---|------------------|-----------------------|--------------------|--------------------|
| 00 - Skatttekjur.....                         | 0                | 1.062.860             | 1.062.860          | 1.049.912          |
| 02 - Félagsþjónusta.....                      | 76.381           | 5.693                 | ( 70.688 )         | ( 72.164 )         |
| 04 - Fræðslumál.....                          | 831.183          | 64.626                | ( 766.557 )        | ( 764.046 )        |
| 05 - Menningarmál.....                        | 21.907           | 972                   | ( 20.936 )         | ( 21.733 )         |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....             | 189.595          | 22.089                | ( 167.507 )        | ( 156.428 )        |
| 07 - Brunamál og almannavarnir.....           | 13.429           | 0                     | ( 13.429 )         | ( 13.750 )         |
| 08 - Hreinlætismál.....                       | 19.622           | 16.342                | ( 3.280 )          | ( 4.600 )          |
| 09 - Skipulags- og byggingarmál.....          | 20.897           | 3.063                 | ( 17.834 )         | ( 20.905 )         |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál.....            | 40.775           | 151                   | ( 40.624 )         | ( 15.850 )         |
| 11 - Umhverfismál.....                        | 5.606            | 0                     | ( 5.606 )          | ( 4.555 )          |
| 13 - Atvinnumál.....                          | 887              | 0                     | ( 887 )            | ( 1.630 )          |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður.....             | 104.438          | 5.107                 | ( 99.331 )         | ( 88.265 )         |
| 22 - Breytingar á lífeyrisskuldbindingum..... | 10.079           | 0                     | ( 10.079 )         | ( 12.000 )         |
| 28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....    | 526.485          | 0                     | ( 526.485 )        | ( 275.370 )        |
| Aðalsjóður samtals                            | <u>1.861.286</u> | <u>1.180.903</u>      | <u>( 680.383 )</u> | <u>( 401.384 )</u> |
| A hluta stofnanir:                            |                  |                       |                    |                    |
| Eignasjóður.....                              | 258.035          | 135.933               | ( 122.103 )        | 125.222            |
| Þjónustustöð.....                             | 37.824           | 7.936                 | ( 29.888 )         | ( 17.842 )         |
| Innri færslur A hluta.....                    | ( 164.565 )      | ( 164.565 )           | 0                  | 0                  |
|   | <u>131.294</u>   | <u>( 20.696.180 )</u> | <u>( 151.990 )</u> | <u>107.380</u>     |
| A hluti samtals                               | <u>1.992.580</u> | <u>1.160.207</u>      | <u>( 832.373 )</u> | <u>( 294.004 )</u> |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### A hluti

21. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                               | Fasteignir,<br>lóðir, lendum<br>og jarðir | Íþróttavellir<br>og gatnakerfi | Vélar, áhöld<br>og tæki | Samtals     |
|-------------------------------|---|--------------------------------|-------------------------|-------------|
| Heildarverð 1.1. 2008.....    | 2.089.270                                 | 38.716                         | 80.244                  | 2.208.230   |
| Afskrifað áður.....           | ( 609.295 )                               | ( 2.013 )                      | ( 29.972 )              | ( 641.279 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2008.....   | 1.479.976                                 | 36.702                         | 50.273                  | 1.566.951   |
| Viðbót á árinu.....           | 150.579                                   | 25.796                         | 12.923                  | 189.298     |
| Afskrifað á árinu.....        | ( 32.101 )                                | ( 1.207 )                      | ( 11.880 )              | ( 45.187 )  |
| Bókfært verð 31.12. 2008..... | 1.598.454                                 | 61.292                         | 51.316                  | 1.711.062   |
| Afskriftarhlutföll.....       | 0-2,5%                                    | 0 -2,5%                        | 15%                     |             |

22. Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna á árslok skiptist þannig:

| A hluti:                                      | Fasteigna<br>mat | Brunabóta-<br>mat | Bókfært verð |
|---|------------------|-------------------|--------------|
| Leikskólar .....                              | 203.500          | 364.700           | 387.649      |
| Skólar.....                                   | 477.280          | 867.280           | 572.115      |
| Lóðir, lendum og jarðir.....                  | 56.251           | 0                 | 488.234      |
| Aðrar fasteignir, íþróttavellir og götur..... | 63.717           | 50.557            | 211.748      |
|   | 800.748          | 1.282.537         | 1.659.746    |
| Vélar, áhöld og tæki.....                     |                  |                   | 51.316       |
| Samtals A hluti.....                          |                  |                   | 1.711.062    |

23. Tryggingarverð lausafjármuna nam í árslok 204 millj.kr. og greinist þannig:

|                                   |         |
|-----------------------------------|---------|
| Skrifstofur sveitarfélagsins..... | 8.817   |
| Leikskólar.....                   | 22.941  |
| Skólar og skóladagheimili.....    | 74.374  |
| Tónlistarskóli.....               | 16.074  |
| Bókasafn.....                     | 30.494  |
| Íþróttamannvirki.....             | 46.311  |
| Áhaldahús.....                    | 4.846   |
|                                   | 203.857 |

## Áhættufjármunir og langtímakröfur:

24. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

|   | A hluti<br>Bókfært verð |
|---|-------------------------|
| Sorpa bs.....                           | 7.096                   |
| Strætó bs.....                          | 1.550                   |
| Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.....    | 5.740                   |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs..... | 6.295                   |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....       | 63.897                  |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.....    | 394.598                 |
| Lyngholt ehf.....                       | 50                      |
| Landskerfi bókasafna hf.....            | 410                     |
|   | <u>479.637</u>          |

25. Yfirlit yfir skuldabréfaeignir:

|                           | A hluti<br>Bókfært verð |
|---------------------------|-------------------------|
| Verðbréfaeign .....       | 13.609                  |
|                           | <u>13.609</u>           |
| Næsta árs afborganir..... | ( 6.218 )               |
|                           | <u>7.392</u>            |

## Óinnheimtar skatttekjur

26. Óinnheimtar tekjur í árslok 2008 sundurliðast þannig:

| Óinnheimtar tekjur:               | A hluti       |
|-----------------------------------|---------------|
| Útsvör.....                       | 9.133         |
| Staðgreiðsla.....                 | 66.573        |
| Fasteignagjöld.....               | 8.014         |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga..... | 1.456         |
|                                   | <u>85.177</u> |

## Eigið fé

27. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                                   | A hluti            |
|-----------------------------------|--------------------|
| Eigið fé 1.1. 2008.....           | 706.641            |
| Rekstrarniðurstaða ársins.....    | ( 832.373 )        |
| Eigið fé samtals 31.12. 2008..... | <u>( 125.732 )</u> |

## Lífeyrisskuldbinding

28. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun lífeyrisréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breytingin á árinu 2008 greinist þannig:

|  | A hluti        |
|--|----------------|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2008.....      | 112.308        |
| Breyting áunninna réttinda á árinu ..... | 10.079         |
| Afborgun á árinu.....                    | ( 859 )        |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok .....      | <u>121.528</u> |

## Langtímaskuldir

29. Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

| A hluti:   | Verðtryggð-<br>lán | Gengistryggð<br>lán | Samtals          |
|--|--------------------|---------------------|------------------|
| Staða lána í ársbyrjun .....                               | 710.177            | 557.162             | 1.267.339        |
| Tekin lán á árinu .....                                    | 215.000            | 0                   | 215.000          |
| Afborganir af lánum .....                                  | ( 68.418 )         | ( 27.692 )          | ( 96.110 )       |
| Verðbætur og gengismunur .....                             | <u>119.960</u>     | <u>513.294</u>      | <u>633.253</u>   |
| Langtímaskuldir, samtals, þ.m.t næsta árs afborganir ..... | 976.718            | 1.042.764           | 2.019.483        |
| Næsta árs afborganir .....                                 | ( 498.285 )        | ( 199.077 )         | ( 697.362 )      |
|  | <u>478.434</u>     | <u>843.687</u>      | <u>1.322.121</u> |
| Vextir .....   | 4,13% - 8,85%      | 1,58% - 6,59%       |                  |

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

|  | A hluti          |
|--|------------------|
| Árið 2009 .....  | 697.362          |
| Árið 2010 .....  | 326.583          |
| Árið 2011 .....  | 105.222          |
| Árið 2012 .....  | 202.300          |
| Árið 2013 .....  | 95.346           |
| Síðar .....  | 592.669          |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir ..... | <u>2.019.483</u> |

30. Afborganir næstu ára af langtímaskuldum A hluta skiptist sem hér segir í afborganir verðtryggðra lána og gengistryggðra lána:

|                | A hluti                        |                     |
|----------------|--------------------------------|---------------------|
|                | Verðtryggð-<br>óverðtryggð lán | Gengistryggð<br>lán |
| Árið 2009..... | 498.285                        | 199.077             |
| Árið 2010..... | 75.310                         | 251.273             |
| Árið 2011..... | 70.137                         | 35.085              |
| Árið 2012..... | 167.216                        | 35.085              |
| Árið 2013..... | 60.262                         | 35.085              |
| Síðar.....     | <u>105.509</u>                 | <u>487.160</u>      |
| Samtals.....   | <u>976.718</u>                 | <u>1.042.764</u>    |

## Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

31. Á sveitarfélaginu hvíla ábyrgðaskuldbindingar gagnvart nokkrum félagasamtökum að eftirstöðvum 12,5 millj.kr. sem greiðast að mestum hluta á árinu 2009.

Sveitarfélagið er með tvo bíla á rekstrarleigusamingi og nemur skuldbindingin vegna þeirra 3,9 millj.kr. sem greiðist upp á næstu tveimur árum.

32. Í byrjun árs 2007 seldi sveitarfélagið íþróttamannvirki sín ásamt lóð Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. fyrir 785,7 millj.kr. og gerði við félagið framkvæmda- og leigusamning um íþróttahús og sundlaug til 30 ára. Samhliða þeim samningi keypti sveitarfélagið hlutafé í Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. að fjárhæð 394,6 millj.kr. Skuldbindingin vegna íþróttahússins núvirt m.v. 6% vexti nemur kr. 1.448 millj.kr. í árslok. Ætla má að skuldbinding vegna sundlaugar geti numið um 1.058 millj.kr. Rétt er að benda á að 55% af leigusamningunum er bundnir gengi og þar af leiðandi hækka þessar fjárhæðir verulega á árinu. Greiðslur vegna leigusamningsins falla til með eftirfarandi hætti á næstu 5 árum:

|                |         |
|----------------|---------|
| Árið 2009..... | 149.824 |
| Árið 2010..... | 181.513 |
| Árið 2011..... | 181.513 |
| Árið 2012..... | 181.513 |
| Árið 2013..... | 181.513 |

## Önnur mál

33. Á árinu 2006 gerði sveitarfélagið samkomulag við Heimatún ehf. um byggingu 150 íbúðareininga á miðsvæði Álftaness. Þá eru samningaviðræður við Búmenn hsf. á lokastigi sem gerir ráð fyrir að Sveitarfélagið Álftanes kaupi búseturétt í þjónustumiðstöð aldraðra og íbúðabyggingu.
34. Þá var gert samkomulag við Kaupfélag Suðurnesja svf. um sölu lóða til uppbyggingar á 20 þjónustuíbúðum að fjárhæð 120 millj.kr. og fyrir verslunarhúsnæði að fjárhæð 100 millj.kr. Á árinu 2006 og 2007 voru greiddar til sveitarfélagsins 85 millj.kr. vegna þessa samkomulags og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.
35. Aukinheldur var skrifað undir viljayfirlýsingu í aprílmánuði 2009 vegna verslunarhúsnæðis á miðsvæði, þar sem stefnt er að makaskiptum á lóðum að langstærstum hluta auk kaupa á húsakosti.
36. Stefnt er að framkvæmdum á miðsvæði í sumar og samningaviðræðum við viðkomandi aðila verði lokið með haustinu.
37. Kærð hefur verið synjun um útgáfu byggingaleyfis í nóvember 2008. Niðurstaða þessa máls liggur ekki fyrir og því óljóst hvort það hafi áhrif á fjárhag sveitarfélagsins. Samningaviðræður um kaup á spildunni er ekki að fullu lokið og því óljóst hver áhrifin kunna að verða hvað fjárhag sveitarfélagsins áhrærir.
38. Áhöld eru um hvort sveitarfélagið hafi með breytingum á aðalskipulagi á árunum 1993 og 1998, auk breytinga í maí 2006, gerst bótaskyldt og hafa matsmenn verið dómkvaddir til að meta hugsanlegt tjón. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins hvort bótaskylda verði staðfest og hvaða áhrif málið kann að hafa á fjárhag sveitarfélagsins.
39. Undirritaður var samningur við Vegagerðina í ágúst 2008 og með honum fær sveitarfélagið afhenta þjóðvegi innan sveitarfélagsins. Í samningnum er gengið frá skiptingu kostnaðar vegna fyrirhugaðra endurbóta á hinum yfirteknu vegum. Á árinu 2008 voru greiddar vegna samnings þessa 25 millj. kr. vegna hönnunarkostnaðar og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.
40. ÍAV hefur stefnt Fasteign ehf. vegna viðbótarkostnaðar við byggingu sundlaugar á Álftanesi. Verði krafa ÍAV viðurkennd kann að falla viðbótarkostnaður á sveitarfélagið vegna byggingar sundlaugarinnar. Viðbótarkostnaður þessi gæti numið allt að 60 millj. kr. í formi hækkunar á leiguskuldbindingu.



## Lykiltölur

| Í hlutfalli við rekstrartekjur:           | A hluti       |         |
|---|---------------|---------|
|   | Ársreikningur | Áætlun  |
| 41. Skatttekjur .....                     | 92%           | 75%     |
| Laun og launatengd gjöld.....             | 65%           | 55%     |
| Annar rekstrarkostnaður.....              | 42%           | 31%     |
| Afskriftir.....                           | 4%            | 3%      |
| Fjármagnsliðir, nettó.....                | 61%           | 31%     |
| Rekstrargjöld samtals.....                | 236%          | 176%    |
| Rekstrarniðurstaða.....                   | -72%          | -21%    |
| Veltufé frá rekstri.....                  | -12%          | 8%      |
| Fjárfestingar.....                        | 16%           | 12%     |
| <b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>           |               |         |
| Skatttekjur.....                          | 423           | 404     |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur.....       | 39            | 133     |
| Tekjur samtals.....                       | 462           | 536     |
| Laun og launatengd gjöld.....             | 303           | 297     |
| Annar rekstrarkostnaður.....              | 193           | 168     |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....     | 0             | 0       |
| Afskriftir.....                           | 18            | 17      |
| Fjármagnsliðir, nettó.....                | 280           | 167     |
| Rekstrargjöld samtals.....                | 794           | 649     |
| Rekstrarniðurstaða.....                   | ( 332 )       | ( 113 ) |
| Veltufé frá rekstri.....                  | ( 57 )        | 45      |
| Fjárfestingar.....                        | 76            | 64      |
| Eignir.....                               | 952           | 968     |
| Eigið fé.....                             | ( 50 )        | 159     |
| Nettóskuld án lífeyrisskuldbindingar..... | 874           | 628     |
| Nettóskuld með lífeyrisskuldbindingu..... | 923           | 675     |
| Skuldir án lífeyrisskuldbindingar .....   | 953           | 762     |
| Skuldir með lífeyrisskuldbindingu.....    | 1.002         | 809     |
| <b>Aðrar lykiltölur:</b>                  |               |         |
| Veltufjárhlutfall.....                    | 0,18          | 0,37    |
| Eiginfjárhlutfall.....                    | -5%           | 16%     |
| <b>Íbúaföldi:</b>                         |               |         |
| Í ársbyrjun.....                          | 2.372         | 2.400   |
| Breyting á árinu.....                     | 138           | 200     |
| Í árslok.....                             | 2.510         | 2.600   |

## Lykiltölur

| 42. Sveitasjóður (A-hluti)                  | 2008    | 2007   | 2006    | 2005    | 2004   |
|---|---------|--------|---------|---------|--------|
| <b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>      |         |        |         |         |        |
| Útsvar.....                                 | 69,9%   | 47,0%  | 64,7%   | 54,9%   | 66,7%  |
| Fasteignaskattar.....                       | 6,9%    | 5,3%   | 5,8%    | 5,1%    | 6,3%   |
| Framlög Jöfnunarsjóðs.....                  | 14,8%   | 10,6%  | 13,8%   | 11,1%   | 12,6%  |
| Skatttekjur samtals.....                    | 91,6%   | 62,9%  | 84,3%   | 71,1%   | 85,6%  |
| Aðrar tekjur.....                           | 8,4%    | 37,1%  | 15,7%   | 28,9%   | 14,4%  |
|   | 100,0%  | 100,0% | 100,0%  | 100,0%  | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld.....               | 64,6%   | 41,8%  | 60,3%   | 45,9%   | 50,9%  |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting.....         | 0,9%    | 0,8%   | 2,1%    | 0,6%    | 1,7%   |
| Annar rekstrarkostnaður.....                | 41,8%   | 26,1%  | 48,3%   | 26,9%   | 35,2%  |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....    | -7,2%   | 31,3%  | -10,7%  | 26,6%   | 12,2%  |
| Afskriftir.....                             | 3,9%    | 2,8%   | 4,3%    | 3,2%    | 4,1%   |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....       | -60,6%  | -3,0%  | -18,8%  | -1,3%   | -0,2%  |
| Rekstrarniðurstaða.....                     | -71,7%  | 25,5%  | -33,8%  | 22,1%   | 18,7%  |
| Handbært fé frá rekstri.....                | -13,3%  | -2,7%  | 1,5%    | 14,8%   | 21,7%  |
| Fjárfestingarhreyfingar.....                | -16,0%  | 12,2%  | -47,0%  | -45,9%  | -12,6% |
| <b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>             |         |        |         |         |        |
| <b>Rekstur:</b>                             |         |        |         |         |        |
| Skatttekjur.....                            | 423     | 409    | 352     | 306     | 273    |
| Aðrar tekjur.....                           | 39      | 241    | 66      | 125     | 46     |
| Laun og launatengd gjöld án lífeyrissk..... | 299     | 272    | 252     | 198     | 163    |
| Annar rekstrarkostnaður.....                | 193     | 170    | 202     | 116     | 112    |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....       | ( 280 ) | ( 19 ) | ( 79 )  | ( 5 )   | ( 7 )  |
| Rekstrarniðurstaða .....                    | ( 332 ) | 165    | ( 141 ) | 95      | 60     |
| <b>Efnahagur:</b>                           |         |        |         |         |        |
| Eignir .....                                | 952     | 981    | 838     | 727     | 532    |
| Eigið fé.....                               | ( 50 )  | 298    | 102     | 254     | 171    |
| Lífeyrisskuldbindingar.....                 | 48      | 47     | 44      | 37      | 38     |
| Skuldir án skuldbindinga.....               | 953     | 636    | 692     | 435     | 323    |
| <b>Sjóðstreymi:</b>                         |         |        |         |         |        |
| Handbært fé frá (til) rekstrar.....         | ( 61 )  | ( 17 ) | 6       | 64      | 69     |
| Fjárfestingarhreyfingar.....                | ( 74 )  | 79     | ( 196 ) | ( 198 ) | ( 40 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar.....                 | 95      | ( 4 )  | 173     | 136     | ( 11 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....          | ( 40 )  | 58     | ( 17 )  | 2       | 18     |
| <b>Aðrar lykiltölur:</b>                    |         |        |         |         |        |
| Veltufjárhlutfall.....                      | 0,18    | 0,83   | 0,36    | 1,28    | 1,27   |
| Eiginfjárhlutfall.....                      | -5%     | 30%    | 12%     | 35%     | 32%    |
| Íbúafjöldi.....                             | 2.510   | 2.372  | 2.278   | 2.183   | 2.024  |
| Breyting frá fyrra ári (%).....             | 5,8%    | 4,1%   | 4,4%    | 7,9%    | 7,9%   |